

meginmarkmið hennar er, svo sem kunnugt er, að ganga úr skugga um sekt eða sýknu hans.

Þá verður ekki séð, að réttarörygginu sé stefnt í hættu með synjun, þar sem dómaranum ber að kynna sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í hinu opinbera máli, þegar honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar, sbr. 78. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Með skírskotun til framanskráðs þykir ekki þörf á að taka afstöðu til annarra atriða í framangreindu bréfi.

Sigurberg Guðjónsson, skipaður setudómari, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er framangreindri kröfu um úrskurð.

Miðvikudaginn 26. maí 1976.

Nr. 15/1975. **Hlökkver Örn Vilhjálmsson og Guðfinnur Jónsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Kristjáni Júlíussyni

(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Nauðungaruppböð. Skuldabréf. Greiðslufall.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 10. febrúar 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefjast þeir þess, að synjað verði um framkvæmd nauðungaruppböðs á rishæð hússins nr. 54 við Grettisgötu í Reykjavík ásamt bílskúr. Þeir

krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Veðskuldabréf það, sem í málinu greinir, er handhafabréf. Afborgunar og vaxta átti því að vitja til áfrýjanda Hlöðvers, nema stefndi krefðist þess af honum í tæka tíð, að greiðslan yrði innt af hendi annars staðar. Stefndi vitjaði ekki greiðslu á gjalddaga 1. október 1974, og ósannað er gegn eindregnum mótmælum áfrýjanda Hlöðvers, að honum hafi borist innheimtutilkynning Landsbanka Íslands. Af hálfu stefnda hefur verið lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að leggja beri til grundvallar, að áfrýjandi Hlöðver hafi ekki fengið kröfubréf Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, sem um getur í hinum áfrýjaða úrskurði, fyrr en 12. október 1974. Ósannað er, að áfrýjandi Hlöðver hafi nægjanlega boðið fram greiðslu á afborgunum og vöxtum, áður en hann geymslugreiddi féð 29. október s. á. Var greiðsludráttur þá orðinn slíkur, að allur höfuðstóll skuldarinnar var þegar af þeirri ástæðu orðinn gjaldkræfur samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins. Þegar fyrri uppboðsbeiðendur höfðu afturkallað uppboðsbeiðnir sínar 29. október og 8. nóvember 1974, gat stefndi samkvæmt 21. gr. laga nr. 57/1949 krafist þess samkvæmt heimild í hinu gjaldfallna veðskuldabréfi, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 og 39. gr. laga nr. 95/1947, að uppboð það, sem áður hafði verið ákveðið, færi fram. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefnda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Hlöðver Örn Vilhjálmsson og Guðfinnur Jónsson, greiði óskipt stefnda, Kristjáni Júlíussyni,

75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 23. desember 1974.

Sóknaraðili máls þessa, Kristján Júlíusson, Hofteigi 18, hefur krafist þess, að hluti af fasteigninni nr. 54 við Grettisgötu, þ. e. rishæð hússins, ásamt bílskúr og öðru því, er þessum eignarhluta fylgir, verði seldur á öðru og síðasta nauðungaruppboði, svo fljótt sem verða má, til lúkningar skuld skv. veðskuldarbréfi að upphæð kr. 1.209.035 auk 2% dráttarvaxta á mánuði og broti úr mánuði af kr. 125.000 frá 1. október 1974 til greiðsludags, 17% ársvaxta af kr. 875.000 frá 16. október 1974 til greiðsludags svo og til lúkningar öllum kostnaði við uppboðið. Þá er þess krafist, að varnaraðiljarnir, Hlöðver Örn Vilhjálmsson, Álfheimum 28, og Guðfinnur Jónsson, Síðumúla 21, verði úrskurðaðir til að greiða málskostnað vegna uppboðsréttarmáls þessa, in solidum.

Varnaraðiljarnir hafa krafist þess, að synjað verði um hið umbeðna nauðungaruppboð. Þeir krefjast málskostnaðar úr hendi sóknaraðiljans.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 18. þessa mánaðar.

Í máli þessu liggur fyrir veðskuldabréf, útgefið til handhafa þann 3. september 1973 af Hlöðver Erni Vilhjálmssyni, Álfheimum 28. Játar hann sig skuldugan um 1.000.000 kr., sem hann lofar að greiða á næstu 8 árum, þann 1. október ár hvert, og fer fyrsta afborgun fram þann 1. október 1974. Vextir eru hæstu lögleyfðu ársvextir og greiðast árlega eftir á á sömu gjalddögum og afborganirnar. Hann veðsetur skuldareiganda með 2. veðrétti og uppfærslurétti á eftir 500.000 kr. forgangsupphæð risibúð hússins nr. 54 við Grettisgötu ásamt bílskúr og öðru, sem eignarhluta þessum fylgir og fylgja ber. Tíðkanleg ákvæði eru í bréfinu um, að öll veðskuldin skuli í gjaldaga fallin, ef vanskil verði á greiðslu afborgana og vaxta og ef aðrir skuldheimtumenn gangi að veðinu og geti veðhafi jafnan, er skuldin er fallin í gjalddaga, látið taka hina veðsettu eign fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar skv. 15. gr. laga 29/1885 eða látið selja hana á uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar skv. 1. gr. laga 57/1949. Veðskuldabréfi þessu var athugasemdalaust þinglýst þann 17. september 1973.

Umboðsmaður sóknaraðilja ritar uppboðsréttinum þann 26. júní þ. á. og krefst uppboðs á hinn veðsettu eign, þ. e. rishæð

hússins Grettisgötu 54 m. m. til lúkningar kr. 562.771 skv. 3. veðréttartryggingarbréfi í eigninni. Var uppboðspola tilkynnt um hina framkomnu uppboðsbeiðni þann 27. júní, og var uppboðið tekið fyrir þann 9. ágúst s. á. að undangengnum auglýsingum um uppboðið í 45., 46. og 48. tbl. Lögbirtingablaðsins. Við fyrirtöku þessa var ekki mætt af hálfu uppboðspola, og var sala á eigninni sjálfri ákveðin þann 15. október.

Uppboðsbeiðni sú, sem orðið hefur aðiljum að deilumáli því, sem hér er til úrskurðar, er rituð þann 14. október sl. Þar krefst sóknaraðili þess, að nefndur eignarhluti, rishæð hússins Grettisgötu 54 m. m., verði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar kröfum þeim, er greinir í upphafi úrskurðar þessa, og kveðst hann ganga inn í hið áður auglýsta uppboð til lúkningar 3. veðréttar-skuldinni.

Á uppboðinu þann 15. október sl. varð hæstbjóðandi Gunnar Sæmundsson héraðsdómslögmaður, og bauð hann kr. 750.000. Umboðsmaður uppboðspola bað þá um, að annað og síðasta uppboð færi fram á eigninni. Við þetta uppboð lá fyrir uppboðsbeiðni sú, sem hér að framan getur, dags. 14. október sl., svo og uppboðsbeiðni Brands Brynjólfssonar hæstaréttarlögmanns vegna 1. veðréttarhafa, dagsett á uppboðsdegi, og viðeigandi veðbréf beggja.

Í áframhaldi af uppboðsréttarhaldi þessu ákvað uppboðshaldari, að annað og síðasta uppboð skyldi fram fara þann 18. nóvember þ. á.

Þann 29. október sl. gerðist það, að varnaraðili Hlöðver Örn Vilhjálmsson f. h. Húseigna, sem er einkafyrirtæki hans, selur varnaraðilja Guðfinni Jónssyni 4ra herbergja risibúð í húsinu Grettisgötu 56 (sic) m. m., eða 28% eignarinnar, svo sem nánar segir í afsali, sem lagt er fram í máli þessu sem rskj. 14. Guðfinnur hefur skv. afsalinu borgað kaupverð m. a. með því að taka að sér 1. veðréttarskuld, kr. 500.000, 2. veðréttarskuld upphaflega kr. 1.000.000 skv. veðskuldabréfi, útgefnu 3. september 1973, en að eftirstöðvum kr. 875.000.

Sama dag greiddist uppboðskrafa sóknaraðilja skv. uppboðsbeiðni 26. júní sl., sjá hér að framan, og var uppboðsbeiðni þessi afturkölluð sama dag.

Loks deponeraði varnaraðili Hlöðver Örn Vilhjálmsson sama dag kr. 125.000 í afborgun og kr. 140.388 í vexti vegna veðskuldar þeirrar, sem nú er um deilt í máli þessu. Er kvittun í frumriti lögð fram hér í málinu sem rskj. 13, og er veðskuldabréfinu lýst þar á fullnægjandi hátt, og sendi varnaraðili uppboðshaldara kvittun

þessa ásamt bréfi, dags. 6. nóvember sl., þar sem mótmælt er framgangi hins fyrirhugaða annars og síðasta uppboðs.

Þess skal getið, að ofanefnd uppboðsbeiðni Brands Brynjólfs-sonar var afturkölluð þann 8. nóvember sl.

Er uppboð var næst tekið fyrir þann 13. nóvember sl., var ákveðið, að sérstakt uppboðsréttarmál yrði rekið um þann ágrein- ing, sem með aðiljum var risinn, og er það mál hér til úrskurðar.

Í málsútlitun sóknaraðiljans er á það bent, að veðskuldabréfið hafi verið til innheimtu hjá Landsbanka Íslands og bankinn hafi ritað varnaraðilja Hlöðver Erni Vilhjálmsyni tíðkanlega tilkynn- ingu um verustað bréfsins vegna greiðslna þeirra, er fram áttu að fara þann 1. október sl. Vísar hann þar að lútandi til vottorðs bankans, sem fram er lagt á rskj. 4. Sóknaraðili hafi síðan tekið bréfin úr höndum bankans þann 8. október og sama dag hafi varnaraðilja verið ritað ábyrgðarbréf, þar sem hann hafi verið krafinn um allar eftirstöðvar veðskuldarinnar ásamt vöxtum, dráttarvöxtum og innheimtulaunum og settur skilafrestur til 14. sama mánaðar. Þær ástæður eru gefnar í bréfinu fyrir eindögun, að gengið hafi verið að veðinu og að greiðslufall hafi orðið þann 1. október. Varnaraðilja er í bréfinu gefið til vitundar, að við greiðslu verði tekið á skrifstofu Gunnars Sæmundssonar héraðs- dómslögmanns, Laugavegi 49, kl. 9.30—11.30.

Umboðsmaður sóknaraðiljans skýrði svo frá í munnlegum flutn- ingi málsins, að hann hafi gengið úr skugga um, að Hlöðver Örn hafi tekið bréf þetta af pósthúsinu þann 10. október. Hann hafði þó engin gögn handbær um þetta, en þessari staðhæfingu var ekki mótmælt sérstaklega af hálfu varnaraðilja, — hafði um- boðsmaður varnaraðilja til mála í flutningi málsins, að varnar- aðili hafi tekið við bréfinu „skömmu eftir 8. október“, „þegar 3—4 dagar voru til uppboðs“.

Sóknaraðili staðhæfir því, að fjarri hafi því farið, að varnar- aðili hafi verið leyndur vistunarstað skuldabréfsins, og raunar séu engar líkur til, að hann hafi ekki fengið umrædda tilkynningu Landsbankans, og sé það vissulega undantekning, að bréf mis- farist. Í bréfi þessu hafi honum verið gerð kunn sú fyrirætlan sóknaraðilja að gerast aðili að uppboði á hinni veðsettu eign, er fram átti að fara eftir fáeina daga. Hefði varnaraðili þá brugðist skjótt við og deponerað afborgun og vöxtum þeim, sem til féllu 1. október, hafi ekki verið útilokað, að hann hefði getað hrundið af sér eindögun allrar veðskuldarinnar. En með því háttalagi að hafast ekkert að í þessu efni, láta síðan mæta á uppboðinu þann

15. október, þar sem uppboðsbeiðni þessi og veðbréf lágu fyrir sem uppboðsheimild og honum lögformlega til vitundar komin, og draga síðan deponeringu allt til 29. október og loks að mótmæla ekki hinu fyrirhugaða síðara uppboði fyrr en eftir 3 vikur frá hinu fyrra hafi varnaraðili gerst sekur um alvarlegasta greiðslufall. Það verði alls ekki sagt, að neitt hans háttalag á þessu tímabili, frá októberbyrjun til 29. sama mánaðar, beri minnsta vott um vilja eða getu til að standa við skuldbindingar sínar.

Af hálfu varnaraðiljanna er á það bent, að hér sé um að ræða handhafabréf. Ef ekki sé annað tiltekið í slíku bréfi, sé greiðslustaður á heimili skuldara. Megi skuldari handhafabréfs því halda að sér höndum, uns handhafi berji að dyrum hjá honum með bréfið í höndum. Varnaraðili Hlöðver Örn hafi enga tilkynningu fengið frá Landsbankanum, og er vottorði bankans á rskj. 4 mótmælt sem röngu. Að vísu hafi hann síðar fengið bréf Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, dags. 8. október sl., en skv. því bréfi hafi hann aðeins átt þess kost að borga alla veðskuldina. Sú eindögun hafi verið öldungis staðlaus. Varnaraðili hafi verið reiðubúinn að borga hina samningsbundnu afborgun og vexti, er til féllu 1. október, er hann hafði þannig fengið að vita um verustað bréfsins, en verið varnað þess vegna viðtökuneitunar og hafi verið um að ræða sífelldan viðtökudrátt af sóknaraðilja hálfu. Vitanlega hefði sú leið verið opin að deponera nefndri afborgun og vöxtum, en til þeirrar athafnar hafi engin skylda verið að lögum. Loks hafi hann þó gripið til þess úrræðis, enda þá alveg útséð um, að sóknaraðili fengist til að taka við öðru en allri veðskuldinni ásamt dráttarvöxtum og innheimtulaunum. Sá dráttur, sem á deponeringu hafi orðið, sé aðeins sóknaraðiljanum að kenna og hann hafi engan skaða beðið. Rétt sé það, að ekki hafi hér að lútandi mótmæli verið höfð uppi við uppboðið 15. október, en úr því verði þó ekki lesin nein viðurkenning á réttmæti þeirrar uppboðskröfu og eindögun, enda alsiða, að ógjaldfallin veðskuldabréf séu lögð fram við uppboð, ef endanleg uppboðssala skyldi fram fara. Í þessu máli hafi uppboðsmeðferð fallið niður fyrir greiðslu og afturköllun, áður en til síðara uppboðs kæmi, og geti sóknaraðili þegar af þeirri ástæðu ekki borið fram, að aðrir hafi gengið að eigninni, þannig að eindögun ætti að varða.

Við úrlausn máls þessa er fyrst á það að líta, að það er ekki sannað gegn mótmælum Hlöðvers Arnar Vilhjálmssonar, að hon-

um hafi borist tilkynning Landsbanka Íslands um verustað veðskuldabréfsins eða að hann hafi á annan hátt fengið að vita um hann eða mátt vita.

En það verður að teljast fram komið, að þann 10. október, eða alveg um það leyti, hafi hann fengið bréf Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, þar sem hann fær að vita um bréf þetta, handhöfn þess og fyrirætlanir um að eindaga alla veðskuldina vegna greiðslufalls og neyta þess réttar á uppboði, er fram skyldi fara eftir fáa daga og sem Hlöðver Örn vissi um.

Nú verður ekki talið, að rétt sé að leggja sérstaka áherslu á það varnaraðiljum til tjóns, að ekki voru höfð uppi mótmæli gegn uppboðskröfu þessari á uppboðsdegi 15. október sl. En telja verður, að til þess að firra sig vanskilavítum hafi varnaraðili Hlöðver Örn átt að bjóða fram hina áföllnu afborgun og vexti án ástæðulausrar tafar, eftir að honum barst bréf Gunnars Sæmundssonar, og að deponera greiðslunni, ef hann varð fyrir viðtökuneitun. Þessari deposition kom hann ekki í verk fyrr en 29. október, og var hún þó haldin þeim annmarka, að handhafa var ekki gert viðvart um hana fyrr en með bréfi, dagsettu þann 6. nóvember.

Þegar litið er á framangreind atvik, verður ekki hjá því komist að telja, að varnaraðili Hlöðver Örn Vilhjálmsson hafi gerst sekur um vanefndir, sem sóknaraðili þurfi ekki að sætta sig við og sem réttlæti eindögun allrar veðskuldarinnar. Veður hið umbeðna uppboð látið ná að ganga fram skv. kröfum sóknaraðilja og á hans ábyrgð. Er um að ræða annað og síðasta uppboð, og verður það haldið á eigninni eftir nánari ákvörðun uppboðsréttarins.

Rétt er, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið uppboð skal ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.
